


ANTIKA EHF 2025

# Flatholt við Flúðir

## Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir





**Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn.**

Forsíðumynd: Hóll [3480-802]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

Verkefnanúmer MÍ: 3480

ISBN númer: 978-9935-525-75-8

@ Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

## Efnisyfirlit

|                                                    |    |
|----------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                    | 5  |
| Fornleifaskráning .....                            | 6  |
| Skráningarsvæðið .....                             | 7  |
| Tilgangur fornleifaskráningar .....                | 8  |
| Fornleifaskráning og aðferðir .....                | 11 |
| Minjanúmer .....                                   | 11 |
| Staðsetning .....                                  | 12 |
| Tegund, hlutverk og heiti .....                    | 12 |
| Staðhættir og lýsing .....                         | 12 |
| Hættumat .....                                     | 12 |
| Mótvægisaðgerðir .....                             | 13 |
| Gröf [315] .....                                   | 14 |
| Siggatættur – Grafargil [3480-801] bæjarhóll ..... | 14 |
| Samantekt og niðurstöður .....                     | 17 |
| Heimildir .....                                    | 19 |

## Myndaskrá

|                                                                                                                               |    |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1. Horft austur yfir skráningarsvæðið.....                                                                               | 6  |
| Mynd 2. Horft niður á hól, [3480-801] t.v. og [3480-802] t. h. Jarðraskið sést neðst á myndinni og t.h. ....                  | 7  |
| Mynd 3. Skráningarform á Suðurlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands. ....                                           | 10 |
| Mynd 4. Samsett kort þar sem þekkt örnefni og staðarheiti eru merkt inn á <i>Herforingjaráðskort Dana</i> frá árinu 1910..... | 15 |
| Mynd 5. Horft beint niður á hól [3480-801] sem líklega er náttúrulegur. Rask frá jarðýtu sést neðst á myndinni. ....          | 16 |

## Inngangur

Að beiðni Odds Hermannssonar landslagsarkitekt hjá Landformi, fyrir hönd Hrunamannahrepps, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá og endurmeta fornleifaskráningu fyrir Flatholt ofan við Flúðir í Hrunamannahreppi vegna deiliskipulags. Skráningin fékk verkefnanúmerið 3480 hjá Minjastofnun Íslands.

Um er að ræða 5,3 hektara reit sem fyrirhugað er að nota fyrir geymslulóðir. Skráður var einn hóll þar sem örnefnauppráttur sýnir svokallaðar Siggatættur og með hliðsjón af því hefur verið giskað á að býlið Grafargil hafi verið staðsett þar. Við skoðun er hins vegar ekkert sem gefur annað til kynna en að hóllinn sé náttúrulegur.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Teknar voru ljósmyndir og flygildismyndir.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir stafrænn hnitagrunnur.





Mynd 1. Horft austur yfir skráningarsvæðið.

## Fornleifaskráning

Á svæðinu fór fram fornleifaskráning árið 2016 á vegum Fornleifastofnunar Íslands og liggur fyrir skýrsla um þá skráningu.<sup>1</sup> Þar sem minjar voru ekki mældar upp og óvissa var um hvort allt svæðið hefði verið skráð taldi Minjastofnun Íslands þörf á að það yrði skráð samkvæmt nýjustu stöðlum, sérstaklega með hliðsjón af því að um deiliskipulag er að ræða.

---

<sup>1</sup> Stefán Ólafsson og Kristborg Þórisdóttir, 2016.



## Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið er innan hinna fornu landamarka jarðarinnar Grafar sem nefnd er í heimildum þegar árin 1331<sup>2</sup> og 1519<sup>3</sup> og hefur því verið í byggð um 700 ára skeið. Þar er hól sem virðist náttúrulegur en örnefnið Siggatættur er tengt við staðinn. Hóllinn var mældur upp en ekki fundust aðrar fornleifar á svæðinu. Nokkurt jarðrask hefur átt sér stað við hólinn frá fyrri skráningu.



Mynd 2. Horft niður á hól, [3480-801] t.v. og [3480-802] t. h. Jarðraskið sést neðst á myndinni og t.h.

<sup>2</sup> Íslenskt fornbréfasafn, II, 1893, 665-666.

<sup>3</sup> Íslenskt fornbréfasafn, VIII, 1906-1913, 679.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“



Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

|                   |                                |
|-------------------|--------------------------------|
| Id                | 601                            |
| Name              | sel                            |
| Class             | Arkeologiska object            |
| eldra_minj_id     | ekki skráð áður                |
| minj_id           | 3457-601                       |
| verkefna nr       | 3457                           |
| sérheiti          | Kárasel                        |
| bæjarnafn         | Litla-Heiði                    |
| jarðatal Johnsen  | 223                            |
| minjaflokkur      | selsminjar                     |
| tegund            | <None>                         |
| efni              | torf og qrjót                  |
| verndun           | friðað                         |
| lengd             | 4.4 meter                      |
| breidd            | 3.2 meter                      |
| veggjahæð frá     | 0.4 m                          |
| veggjahæð til     | 0.8 m                          |
| breidd veggjar    | 1 m                            |
| umhverfi          | gras- og mólendi               |
| Svæði             | <None>                         |
| Túnakort          | nei                            |
| aldur frá         | 1000                           |
| aldur til         | 1750                           |
| skráning          | RT-RKT-HJH                     |
| Mæling            | uppmæling                      |
| heimsótt          | 01.07.2025                     |
| Horfin            | nei                            |
| horfin_astæða     | <None>                         |
| hættumat          | <None>                         |
| hættuorsök        | <None>                         |
| hætta v. tilefnis | vegna skógræktar               |
| ástand            | greinanleqar                   |
| minjagildi        | mikið                          |
| verkefni          | Fornleifaskráning v/skógræktar |
| Sveitarf          | Mýrdalshreppur                 |
| Hlutverk          | sel                            |

**Mynd 3. Skráningarform á Suðurlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir Gröf [315] og er vísað til jarðarinnar með númeri úr *Jarðatali* Johnsens frá árinu 1847. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Teknar voru ljósmyndir og flygildismyndir og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Siggatættur – Grafargil „[3480-801]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur heimild á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan



hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Suðurlandi.

### **Staðsetning**

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Suðurlands. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

### **Tegund, hlutverk og heiti**

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis stekki. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars.

### **Staðhættir og lýsing**

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### **Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman

að mást í burtu fyrir áhrif loftslags eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Hætta vegna tilefnis þýðir að fornleifum stafi hætti vegna fyrirhugaðra framkvæmda, svo sem við skógrækt eða nýbyggingar.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa engar fornleifar horfið.

### **Mótvægisáðgerðir**

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

## Gröf [315]

Jörðin Gröf er nefnd í heimildum þegar árin 1331<sup>4</sup> og 1519<sup>5</sup> og hefur því verið í byggð um 700 ára skeið. Þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var skrifuð árið 1709 var jörðin í eigu Skálholtskirkju.<sup>6</sup> Við gerð *Jarðatala* 1847 var hún hins vegar í bændaeigu og dýrleikinn metinn 38 og 2/3 hundruð.<sup>7</sup> Samkvæmt örnefnalýsingu voru Gröf og Högnastaðir óskipt land til ársins 1929 en í *Jarðabókinni* 1709 er talið að síðarnefnda jörðin hafi upphaflega verið hjáleiga Grafar.<sup>8</sup>

## Siggatættur – Grafargil [3480-801] bæjarhóll

Í *Jarðabók* árið 1709 segir frá lítilli hjáleigu á jörðinni Gröf: „Í Gili hjet bygðargrey, sem bygt var um þriggja ára tíma hjá gili einu í Grafarengjum, heitir Grafargil, var gjört til verja þann hluta engjanna, þar bjó öreigi, sem annars var sveitarþurfi, og hafði þar eina kú. Afgjaldið var ekkert af býlinu, og lagðist þó í eyði, er skeð fyrir nokkrum og 40 árum. Engin er von, að þetta býli upp aftur byggist.“<sup>9</sup>

Ekki kemur fram hvar Grafargil var staðsett og þetta er eina heimildin sem getur um býlið. Ekki er minnst á það í *Jarðatali* Johnsens eða örnefnalýsingu Grafar. Í örnefnalýsingu Högnastaða segir hins vegar frá tóftum sem taldar hafa verið af býlinu: „Skammt norður af Ósbotni er svolítið holt í mýrinni, og þar eru merki um einhver hús. Þetta heitir Siggatættur, en engin sögn er um tilefni nafnsins.“<sup>10</sup> Siggatættur eru jafnframt sýndar á örnefnaupprætti úr Örnefnabók Hrunamannahrepps og má þar sjá hvar þær voru staðsettar.<sup>11</sup>

Jón Hermannsson, heimildamaður við fornleifaskráninguna árið 2016, taldi Siggatættur vera af býlinu Grafargili og með hliðsjón af því var býlið staðsett þar sem örnefnaupprátturinn sýnir þær. Þessi staðsetning byggir því á ágiskun Jóns. Einungis er heimild um tóftir á þessum stað sem kenndar eru við Sigga og engin vísar er fyrir því að þær hafi verið af býlinu

<sup>4</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn*, II, 1893, 665-666.

<sup>5</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn*, VIII, 1906–1913, 679.

<sup>6</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, II, 1918–1921, 246.

<sup>7</sup> Johnsen, 1847, 67.

<sup>8</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, II, 1918–1921, 245; Ö-Högnastaðir, 1.

<sup>9</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, II, 1918–1921, 246.

<sup>10</sup> Ö-Högnastaðir, 3.

<sup>11</sup> Ö-Högnastaðir uppráttur.

Grafargili eða að það hafi verið á þessum stað. Mýrlendi er kringum þetta svæði og það hefur því hentað sérlega illa fyrir bæjarstæði.



Mynd 4. Samsett kort þar sem þekkt örnefni og staðarheiti eru merkt inn á *Herforingjaráðskort Dana* frá árinu 1910.<sup>12</sup>

<sup>12</sup> *Herforingjaráðskort Dana*, 1910.



Þótt litlar sem engar heimildir séu fyrir því var Grafargili gefin staðsetning Siggatætta við skráninguna 2016 og hól sem þar er lýst svona:

Bæjarhóllinn er miðsvæðis á flatlendi sem er frekar blautt en hefur verið framræst. Bæjarhóllinn er 40 x 20 m að stærð og snýr norður suður og því má gera ráð fyrir því að framhlið hafi snúið til vesturs. Hóllinn hefur sennilega verið sléttaður að einhverju marki og þá er hann nokkuð traðkaður. Engin ummerki eftir hús eru sjáanleg en möguleg upphleðsla gæti verið allt að 2 m.<sup>13</sup>



**Mynd 5. Horft beint niður á hól [3480-801] sem líklega er náttúrulegur. Rask frá jarðýtu sést neðst á myndinni.**

Þarna er vissulega stór hól [3480-801] sem nær yfir um 40 x 20 m stórt svæði og sker sig frá umhverfinu. Hann hefur stefnu norður – suður, er gróinn grasi og nær 1,3-2 m hæð; hæstur er hann að vestan. Þeim megin eru í honum eru tveir uppblástursblettir en norðan við hann er

<sup>13</sup> Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson, 2016, nr. 316:012.

þýft svæði sem er vaxið mosa og grasi. Að austan er hóllinn að hluta til kominn undir uppmokstur og hefur jarðýta keyrt utan í honum. Þarna sjást hvorki tóftir né aðrar mannvistarleifar. Við því hefði þó mátt búast ef hóllinn væri manngerður þar sem bæði er rof í honum vegna uppblásturs og jarðýtuspors. Að öllum líkindum er þessi hóll náttúrulegur.

## Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu var skráður einn hóll [3480-801] en ekki verður þó séð að hann sé manngerður og virðist líklegra að hann náttúrulegur; engin ummerki um mannvist sjást í rofum á hólnum. Staðsetning Siggatætta á örnefnaupprætti gæti bent til þess að þarna hafi verið tóftir en afar ólíklegt er að býlið Grafargil hafi verið á staðnum. Mýrlendi er í kring þannig að svæðið hentar illa til búsetu og nafn hjáleigunnar bendir fremur til þess að hún hafi staðið í grennd við gil en þarna á flatlendinu.

Engar byggingarframkvæmdir standa til á svæðinu heldur verður það einungis notað undir geymslulóðir. Vegi um svæðið verður haldið fjarri hólnum þannig að hann er ekki í neinni hættu og skipulag er í góðu samræmi við ákvæði menningarminjalaga um 15 m friðhelgt svæði umhverfis minjar (1. mgr. 22. gr. mml.).

Ekkert ætti því að vera til fyrirstöðu því að framkvæmdir geti hafist en Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um framhaldið. Þurfi að raska hólnum í framtíðinni þá væri hægt að taka könnunarskurð til að taka af allan vafa hvort hann sé náttúrulegur eða manngerður.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. laganna segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki

---

landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

## Heimildir

*Herforingjaráðskort Dana*. (1910). Sótt 25. ágúst 2025 á:

<https://islandskort.is/map/1141/702#?c=0&m=0&s=0&cv=85&r=0&xywh=859%2C3093%2C5839%2C3200>.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (II). (1918–1921). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson. (2016). *Fornleifaskráning í Hrunamannahreppi: Flúðir og nágrenni*. FS593-15231. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ö-Högnastaðir: *Örnefnalýsing Högnastaða*. Skráð eftir Valdimar Guðmundssyni (f. 1917) sem ólst upp á Högnastöðum frá fæðingu. Byggt á uppdrætti Ingimundar Einarssonar. Árnastofnun – Örnefnasafn.

Ö-Högnastaðir uppdráttur: Örnefnauppdráttur Ingimundar Einarssonar úr Örnefnabók Hrunamannahrepps. Árnastofnun – Örnefnasafn.